



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Kjarabætur KÍ samningar**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs hækki um 353.168 þ.kr. vegna kjarasamninga Félags Leikskólakennara (FL), Skólastjóraráfélags Íslands (SÍ) og Félags Stjórnenda Leikskóla (FSL). Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-353.168
VEL	xxx	Kjarbætur FL, FSL, SÍ	Til	7.518
SFS	xxx	Kjarbætur FL, FSL, SÍ	Til	345.650
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Undirritaðir hafa verið nýir kjarasamningar hjá Félagi Leikskólakennara (FL), Skólastjóraráfélags Íslands (SÍ) og Félags Stjórnenda Leikskóla (FSL). Gildir kjarasamningur FL frá 1.1.2022 – 31.3.2022 en hinir tveir gilda frá 1.1.2022 – 30.9.2023. Í nýjum samningum er að finna eftirfarandi breytingar a) +25.000kr. á töflu fyrir alla þrjá samningana frá og með 1.1.2022, b) önnur laun fyrir ákv. starfsheiti hjá FL frá og með 1.5.2022, c) menntunarbreyting fyrir stjórnendafélögin (SÍ & FSL) frá og með 1.8.2022 og d) stjórnunarreynslubreyting fyrir stjórnendafélögin (SÍ & FSL) frá og með 1.4.2023.

Skipting pr. kjarafélag er eftirfarandi:

Félag leikskólakennara	218.725.701
Félag stjórnenda leikskóla	54.405.060
Skólastjóraráfélag Íslands	80.037.618
Samtals kjarahækkun	353.168.379

2. Nýtt skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 22.300 þ.kr. vegna skammtímaúrræðis fyrir úkraínsk börn. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-22.300
SFS	xxx	Vesturbæjarskóli	Til	22.300
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 8. september 2022 liður 4, mál MSS22090023 – Tillaga um skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri með áherslu á undirbúning fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Úrræðið verður staðsett í Vesturbæjarskóla og frístundamiðstöðin Tjörnin kemur að frístundastarfinu. Úrræðið verður starfrækt frá september-desember 2022. Hægt verður að taka á móti allt að 25 börnum í einu.

3. Borgarstjórnarkosningar

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna kostnaðar við borgarstjórnarkosningar.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-28.234
ÖNN	09400	Kosningar (ÖNN)	Til	28.234
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Hækkun kostnaðar vegna borgarstjórnarkosninga 2022 er tilkomin að stærstum hluta vegna hækkunar launa og betri þjónustu við kjósendur. Var kostnaður vegna kosninga vanmetin í áætlanagerð 2022.

4. Launabreytingar borgarstjórnar

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar hækki um 27.075 þ.kr. vegna kjarabreytinga og annarra launatengdra breytinga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-27.075
SBS	xxx	Launahækkun borgarfulltrúa	Til	27.075
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Laun borgarfulltrúa hækkuðu 1. janúar 2022 og 1. júlí 2022 samkv. launavísitölu og millifæra þarf heimild sem geymd var miðlæg til að mæta kostnaði vegna þessa.

5. Kostnaður v. borgarstjórnarskipta

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar hækki um 39.118 þ.kr. vegna borgarstjórnarskipta. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-39.118
SBS	xxx	Borgarstjórnarskipti/Biðlaun	Til	39.118
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Kostnaður vegna biðlauna í kjölfar borgarstjórnarskipta var ekki áætlaður í fjárhagsáætlun 2022, er nú verið að koma til móts við það.

6. Launakostnaður vegna breytinga á nefndaskipan o.fl.

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar hækki um 38.222 þ.kr. vegna breytinga á nefndarskipan, hækkunar nefndarlauna, langtímaveikinda o.fl. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-38.222
SBS	xxx	Nefndarlaun/langtímaveikindi	Til	38.222
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Kostnaður vegna breytinga á nefndarskipan, hækkunar launa og langtímaveikinda.

7. Ýmsar athuganir og úttektir SBB

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 19.500 þ.kr. vegna ófyrirséðra verkefna á ýmsum athugunum og úttektum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	9205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-19.500
SBB	9204	Ýmsar athuganir og úttektir - SBB	Til	19.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Fjárheimildin er til að standa undir viðbótarkostnaði á ófyrirséðum athugunum og úttektum vegna úttektar á áhrifum Covid-19 á starfsemi borgarinnar og lýðheilsumati á borgarlínu.

8. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnslu hækki um samtals 1.009.691 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Á sama tíma er lagt til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 verði endurskoðuð til hækkunar um 1.156.604 þ.kr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Tekjuauki verði nýttur til greiðslu endurmats starfa og það sem er umfram 146.913 þ.kr. verði fært á kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður..

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	xxx	Skatttekjur	Frá	-1.156.604
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Til	146.913
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	141.567
USK	xxx	Endurmat starfa	Til	9.531
USKES	xxx	Endurmat starfa	Til	3.944
BLÖ	xxx	Endurmat starfa	Til	5.046
ES	xxx	Endurmat starfa	Til	142
FAS	xxx	Endurmat starfa	Til	2.269
IE	xxx	Endurmat starfa	Til	476
ITR	xxx	Endurmat starfa	Til	33.667
MAR	xxx	Endurmat starfa	Til	422
ÞON	xxx	Endurmat starfa	Til	1.139
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til	809.066
MOS	xxx	Endurmat starfa	Til	156
RHSES	xxx	Endurmat starfa	Til	1.992
SBB	xxx	Endurmat starfa	Til	252
MOF	xxx	Endurmat starfa	Til	21
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Starfsmatið varðar ýmis stöðugildi á sviðum og miðlægum skrifstofum. Störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar á árinu 2022. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá og með þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim.

Samhliða þessu hefur útsvarstekjuspá borgarinnar fyrir árið 2022 verið endurskoðuð þar sem tekið hefur verið tillit til breytinga í helstu forsendum ársins þ.e. verðbólgu, launaþróun og atvinnuleysi. Áhrifin af þessum breytingum eru þau að nettó útsvarstekjur borgarinnar hækka um 1.156.604 m.kr.

Sundurliðun á útsvarstekjum	Gild. áætlun 2022	Esk. áætlun 2022	Breyting
Staðgreiðsla útsvars án eftirá álagningar (14,52%)	102.125.179	104.515.308	2.390.130
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. grunnskóla (0,77%)	-5.415.729	-5.542.478	-126.749
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. málefna fatlaðs fólks (0,99%)	-6.963.080	-7.126.044	-162.963
Eftir álagning útsvars vegna fyrri ára	3.500.000	2.556.187	-943.813
Nettó útsvarstekjur	93.246.369	94.402.973	1.156.604

9. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnarsýslu hækki um 1.258.108 þ.kr. vegna innri leigu, þar af 116.941 þ.kr. vegna leigu fasteigna, áhalda og tækja og 1.141.166 þ.kr. vegna leigu gatna. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð eða 1.258.108 þ.kr.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-1.258.108
FAS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	920
ITR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	16.064
MOF	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	7.043
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-2.027
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-263
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	59.001
USKRK	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	1.145.369
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	23.422
PON	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	7.137
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	77
USKES	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	1.365
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 var gert ráð fyrir 5,8% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar innan ársins og tóku fjárheimildir sviða mið af því eins og leikreglur gera ráð fyrir. Vísitalan hefur hins vegar hækkað um 9,4% innan ársins 2022. Lagt er til að sviðin fái fjárheimildir til að mæta þessari hækkun verðlags umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti eru tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð og því hefur tillagan ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu né fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	2. september 2022
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
Verkefni/tillaga:	Skammtíma úrræði fyrir úkraínsk börn
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	22. m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Að sett verði á laggirnar skammtíma úrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri með áherslu á undirbúning fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Um er að ræða börn úr fjölskyldum sem eru í 8 vikna búsetuúrræði í Reykjavík á vegum ríkisins á meðan leitað er að framtíðarheimili fyrir fjölskyldurnar sem gæti orðið í Reykjavík eða í öðru sveitarfélagi.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Nei
Hvaða hópa snertir tillagan?
Flóttabörn frá Úkraínu sem eru á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Um er að ræða sérúrræði fyrir afmarkaðan hóp. Það er eingöngu hugsað tímabundið í ca. 8 vikur fyrir börnin, er gert á grunni þess að að þau eru ekki komin með heimili til lengri tíma og til að mæta námslegum og félagslegum þörfum þeirra.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	17.10.2022
Svið:	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Unnið af:	Dagný Ingadóttir
Verkefni/tillaga:	Úttekt á áhrifum Covid-19 á starfsemi borgarinnar og lýðheilsamat á Borgarlínu
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	09204 Sérstakar athuganir og úttektir
Fjárhæð:	19.500.000 kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Annars vegar gerð úttektar Reykjavíkurborgar á áhrifum Covid-19 á starfsemi borgarinnar í heild og hins vegar lýðheilsumati á Borgarlínu.

Markmið með gerð úttektar Reykjavíkurborgar á áhrifum Covid-19 á starfsemi borgarinnar í heild er að taka saman þann lærdóm sem sem Reykjavíkurborg getur dregið af reynslunni vegna áhrifa Covid-19 á starfsemi borgarinnar. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu munu jafnframt njóta góðs af þessari úttekt.

Markmiðið með framkvæmd lýðheilsumats á fyrstu lotu Borgarlínu er að kanna hvernig tilkoma innviða Borgarlínu og nýs leiðanets almenningssamgangna geti hámarkað jákvæð áhrif með tilliti til lýðheilsu og lágmarkað neikvæð áhrif. Það er gert með að kanna hvernig Borgarlínan muni nýtast hinum almenna fullorðna íbúa í Reykjavík, hvernig Borgarlínan muni nýtast þeim íbúum Reykjavíkur sem eru annað hvort háðir eða geta ekki nýtt núverandi samgöngur, m.a. börn og ungmenni, fatlað fólk, eldri borgara og íbúar af erlendum uppruna, og hvernig Borgarlínan mun nýtast þeim sem starfa og sækja þjónustu við Landspítala við Hringbraut, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Jafnréttisskimun var ekki framkvæmd áður en gerð úttektar vegna Covid-19 hófst en mikil tækifæri eru í því að huga sérstaklega að stöðu kynjanna og öðrum hópum sem mannréttindastefna borgarinnar tiltekur þegar verið að horfa á þann lærdóm sem Reykjavíkurborg getur dregið af reynslunni vegna áhrifa Covid-19 á starfsemi borgarinnar.

Í niðurlagi lýðheilsumats á Borgarlínu kemur fram að áhrif tilkomu Borgarlínu eftir kynjum voru ekki nægjanlega vel kannaðar. En ljóst er að samgönguvenjur þeirra eru mjög mismunandi, m.a. vegna öryggisupplifunar og ábyrgð annarrar og þriðju vaktarinnar. Lagt er til að kanna áhrif tilkomu Borgarlínu á

kynin með tilliti til lýðheilsu, útfært í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur umsjón með framkvæmd jafnréttismats.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Markhópurinn varðandi úttekt á Covid-19 er íbúar Reykjavíkurborgar í heild sinni, starfsfólk Reykjavíkurborgar, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og almannavarnir.

Markhópur vegna lýðheilsumats á Borgarlínu er íbúar Reykjavíkurborgar sem eru annað hvort eru háðir eða geta ekki nýtt núverandi samgöngur, m.a. börn og ungmenni, fatlað fólk, eldri borgara og íbúar af erlendum uppruna. Einnig það fólk á höfuðborgarsvæðinu sem starfar og og sækir þjónustu við Landspítala við Hringbraut, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.

Mikilvægt er að horfa til reynslunnar af Covid-19 og hafa í huga hvernig er unnt að ná sem best til allra minnihlutahópa með markvissum hætti.

Talið er að lýðheilsumat á Borgarlínu muni hafa jákvæð áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa þar sem áframhaldandi vinna mun fara í jafnréttismat.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei, ekki að svo stöddu.

Athygli er vakin á því að áframhaldandi vinna við lýðheilsumat á Borgarlínu mun fara jafnréttismat eins og fram kemur hér að ofan.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.